

Fundargerð 196. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 10. janúar 2018
Fundartími: 13:30 – 16:10
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Margrét Jónsdóttir
Svanhvít Hermannsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Rósa Matthíasdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Ath. að breyta þarf prentvillu í dagsetningu fundarboðs í samræmi við leiðrétt gögn sem send voru út. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Samþykkt að bæta inn í dagskrána lið 10 b., Umsókn um tækifærisleyfi og nr. 14. Trúnaðarmál, aðrir liðir færast aftar sem því nemur. Einnig liðnum Önnur mál, þar sem afgreitt verður erindi frá Landbúnaðaháskólanum Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 147, dags. 21.12.2017

a) Bitra land 215992: Stækkun hótels: Aðalskiplagsbreyting – 1611063

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu á aðalskiplagi í landi Bitru á 5 ha svæði umhverfis núverandi gistihús. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði heimilt að stækka núverandi húsnæði þannig að hótelið verði allt að 6.000 fm að stærð. Í breytingunni er landnotkun breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn samþykki að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna.

b) Þingás lnr. 224358 og Efri-Gróf lóð 5 lnr 223471: Nýbyggingar: Deiliskipulag – 1712033

Lögð fram umsókn BS festa ehf. dags. 12. desember 2017 um deiliskipulag fyrir tvö íbúðarhús, tvö gestahús og tvær skemmur/hesthús á spildunum við Þingás lnr. 224358 sem er um 10,4 ha og Efri-Gróf lóð 5, lnr. 223471 sem er 30 ha.

Afgreiðslu frestað þar til fyrir liggja nákvæmari gögn um fyrirhugaða uppbyggingu á spildunum.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Grænhólar lóð 1 lnr. 218185: Íbúðarhús, skemma og gistihús: Lögbýli: Deiliskipulag – 1708017

Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi fyrir 9,8 ha land sem heitir Grænhólar lóð 1 (lnr. 189809) þar sem gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, skemmu og nú allt að þremur 30 fm sumar/gistihúsum. Í fyrri tillögu var gert ráð fyrir 6 sumar/gistihúsum.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að kynnt verði lýsing deiliskipulags skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga byggt á fyrirliggjandi gögnum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

d) Sæholt: Dalbær: Deiliskipulag – 1706045

Lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar dags. 7. desember 2017 um deiliskipulag fyrir landið Sæholt úr landi Dalbæjar þar sem fram kemur að ekki sé gerð nægjanlega skýr grein

fyrir fyrirhugaðri starfsemi, fjölda og tegund bygginga. Þá er jafnframt lögð fram lagfærð tillaga að deiliskipulagi til að koma til móts við athugasemdir stofnunarinnar.

Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki deiliskipulagið að nýju með breytingum til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar og í kjölfarið fela skipulagsfulltrúa að auglýsa gildistöku deiliskipulagsins í B-deild stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagið að nýju með 5 atkvæðum og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa gildistöku þess í B-deild stjórnartíðinda.

e) Vernd og endurheimt votlendis: Álit Sambands íslenskra sveitarfélaga og skipulagsmálanefndar: Til kynningar – 1712011

Lagt fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 4. desember 2017 þar sem tilkynnt er um bókun stjórnar Sambandsins um vernd og endurheimt votlendis. Kemur þar m.a. fram að sveitarstjórnir eru hvattar til að kynna sér þau tækifæri sem kunna að felast í endurheimt votlendis til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika í íslenskri náttúru.

f) Aðalskipulag Rangárþings Ytra 2016 – 2028: Umsagnarbeiðni – 1712028

Lögð fram til umsagnar tillaga að enduskoðun Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028 *Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við aðalskipulagstillöguna með fyrirvara um að fara þarf yfir að sveitarfélagamörk séu í samræmi við afmörkun markanna í aðalskipulagi aðliggjandi sveitarfélaga.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við aðalskipulagstillöguna og felur skipulagsfulltrúa að bera saman skipulagsgögn þessara sveitarfélaga hvað varðar sveitarfélagamörk.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17 – 69 – 1712002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. desember 2017.

2. Hitaveita Áshildarmýrar – framkvæmdaleyfi

Í bókun Skipulagsnefndar Uppsveita dags. 21. desember 2017 kemur fram eftirfarandi í lið 18: „Lögð fram umsókn Hitaveitu Áshildarmýrar dags. 15. desember 2017 um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu hitaveitu í Merkurhlaut, Merkurhraun og sumarbústaði meðfram Þjóðvegi 30, að Bitru og þaðan að Hnaus. Verður hitaveita lögð í sumarhúsahverfi sem liggja þar nálægt og endað í hóteli í landi Hnauss. Meðfylgjandi er yfirlitskort sem sýnir fyrirhugaða lagnaleið.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að gefið verði út framkvæmdaleyfi fyrir lagningu hitaveitu í samræmi við umsókn, með fyrirvara um samþykki þeirra landeigenda sem eiga land sem lögnin fer um auk samþykkis Vegagerðarinnar. Þá þarf einnig að skila inn öllum gögnum varðandi legu og gerð lagnar til tæknisviðs.“

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að gefið verði út framkvæmdaleyfi á grundvelli bókunar skipulagsnefndar.

3. Skoðun á mögulegri hitaveitu í Flóaskóla

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 4. janúar 2018 með forsvarsmönnum Hitaveitu Áshildarmýrar kom fram vilji eigenda veitunnar til þess að selja Flóahreppi aðgang að veitunni til upphitunar á húsnæði Flóaskóla og í Þjórsárverri. Sveitarstjón Flóahrepps felur Tæknisviði Uppsveita að meta vatnspörf bygginga í eigu sveitarfélagsins til þess að hægt sé að kanna mögulega afhendingu vatns frá veitunni í þessi hús.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Hönnun skólalóðar - næstu skref

Fyrir liggja upplýsingar frá nágrannasveitarfélögum um þá aðila sem komið hafa að sambærilegum verkefnum og reynsla af samskiptum við þá. Fyrirspurnir voru einnig sendar á nokkra aðila sem komið hafa að hönnun skólalóða og óskað eftir svörum við því hvort áhugi væri fyrir því að senda Flóahreppi tilboð í hönnun skólalóðar Flóaskóla.

Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með Tæknisviði Uppsveita og vinnuhópi sem samanstæði af fulltrúum frá nemendum, foreldrum og starfsmönnum Flóaskóla ásamt fulltrúum Þjótanda. Tæknisviði í framhaldi af því falið að útbúa gögn sem hægt er að nýta vegna auglýsingar eftir hugmyndum. Stefnt er að auglýst verði í héraðsblöðum og á heimasíðu Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum

5. Erindi frá Ragnheiði Gló Gyldadóttur - Áveiturnar þrjár

Lagt fram erindi frá Ragnheiði Gló Gyldadóttur fornleifafræðingi þar sem óskað er eftir heimild Flóahrepps til þess að nýta kortagrunn sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðrar styrkumsóknar til Fornminjasjóðs. Fyrirhugað verkefni Ragnheiðar felst m.a. í að gera heildstæð, stafræn kort og þekjur af Miklavatnssmýra-, Skeiða- og Flóaáveitu svo hægt sé að leggja mat á ástand og varðveislu þeirra. Taka saman kort/teikningar á Þjóðskjalasafni og Héraðsskjalasafni Árneseinga, gera þau stafræn og setja í landfræðilegan gagnagrunn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrir sitt leyti með 5 atkvæðum aðgang að kortagrunni Flóahrepps vegna þessa verkefnis.

6. Gjaldskrá Félagsheimilanna í Flóahreppi – 2018

Lögð fram drög að gjaldskrá Félagsheimilanna í Flóahreppi fyrir árið 2018. Gert er ráð fyrir 1,8 % hækkun milli ára.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána eins og hún liggur fyrir nema hvað varðar gjald fyrir ættarmót og sveitarstjóra falið að gera samanburð við nágrannasveitarélög hvað þau varðar. Sveitarstjórn leggur til að tjöldun sé innifalin í gjaldi fyrir ættarmótin en ekki rafmagn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Frumvörp til laga:

a) **Um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 26. mál.**

b) **Um félagsþjónustu sveitarfélaga (samingur SP um réttindi fatlaðs fólks, stjórnarsýsla og húsnæðismál), 27. mál**

c) **Um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 40. mál.**

d) **Um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignasjóður), 11. mál.**

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvörp.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá Ásahreppi – ósk um aðild að verkefni um losun og vinnslu á seyru

Lagt fram erindi frá Nönnu Jónsdóttur, sveitarstjóra Ásahrepps þar sem óskað er eftir því að Ásahreppur fái að gerast aðili að samstarfsverkefni Uppsveita og Flóahrepps um söfnun og losun og úrvinnslu á seyru.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi beiðni fyrir sitt leyti með 5 atkvæðum.

9. Samstarfssamningur um losun og vinnslu á seyru

Lögð fram drög að samstarfssamingi sveitarfélaganna sem standa að Tæknisviði Uppsveita um söfnun og úrvinnslu á seyru af samstarfssvæðinu. Samningurinn er unninn uppúr eldra samkomulagi um þetta samstarf með viðbótum vegna fjárfestingar í seyrusöfnunar bíl og viðbótaraðild Ásahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi samningsdrög fyrir sitt leyti með 5 atkvæðum og felur sveitarstjóra/oddvita að undirrita samninginn.

10. a) Frá Sýslumanninum á Suðurlandi – umsögn um rekstarleyfi - Kríumýri ehf.

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar Flóahrepps vegna umsóknar um rekstarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins að því tilskildu að ekki komi athugasemdir frá byggingarfulltrúa, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eða Brunavörnum Árneseinga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Frá Sýslumanninum á Suðurlandi - Tækifærisleyfi fyrir Félagslund

Lagt fram frá Sýslumanninum á Suðurlandi –ósk um umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi vegna Þorrablóts í Félagslund dags. 10.02.2018.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum

11. Samkomulag um uppgjör Flóahrepps við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga vegna breytinga á A-deild

Lögð fram gögn frá Brú-lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga vegna breytinga sem gerðar voru með setningu laga nr. 127/2016 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem hafði áhrif á A-deild Brúar lífeyrissjóðs frá 1. júní 2017 og þar með talin öll sveitarfélög á Íslandi í hlutfalli við fjölda þeirra starfsmanna sem eru greiddur í sjóðinn. Breytingin kallar á framlög launagreiðenda til

A deildar sjóðsins og fyrir liggur að skuldbinding Flóahrepp gagnvart Brú lífeyrissjóði er um 80 milljónir króna. Auk þess er von á reikningum vegna samstarfsverkefna og byggðasamlaga. Reikningar hafa verið gefnir út vegna þessara skuldbindinga með eindaga 31. janúar 2018. Sveitarstjóra falið að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga í samráði við endurskoðendur sveitarfélagsins og fara með þeim yfir málið í heild og áhrif þess á fjárhagsáætlanir næstu ára og gerð viðauka vegna þess.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Erindi frá Úrskurðarnefnd um upplýsingamál

Erindi frá úrskurðarnefnd um upplýsingamál dags. 3. janúar 2018 til Flóahrepps þar sem kveðinn er upp úrskurður nr. 719/2018 í máli UNU 17100003. Í úrskurðarorðum kemur fram að þar sem samþykki fráfarandi skólastjóra Flóaskóla liggur fyrir um afhendingu starfslokasamnings dags. 7. júlí 2017 þá ber Flóahreppi að veita kæranda aðgang að starfslokasamningi Flóahrepps við fyrrverandi skólastjóra Flóaskóla í heild sinni.

Sveitarstjóra falið að senda umbeðin gögn til kæranda.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Sigurbára Rúnarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

13. Flóaljós – næstu skref

Frestað til næsta fundar vegna forfalla.

14. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

15. Fundargerðir

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 195 dags. 13.12.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar

b) Almanavarna Árnassýslu nr. 25 dags. 18.12.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar

c) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 183, dags. 15.12.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar

d) Félagafundar Sorpstöðvar Suðurlands bs dags. 15.12.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar

e) Stjórnar SASS nr. 527, dags. 07.12.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar

f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 855, dags. 15.12.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar

16. Efni til kynningar

a) Frá Umf. Þjótanda ársuppgjör vegna samstarfssamnings við Flóahrepp

b) Frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 06.12.2017 – Eftirlit í leikskólanum Krakkaborg

c) Frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 27.12.2017 – Eftirlit í Flóaskóla

d) Frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita dags. 2017 – Lokaúttektarvottorð fyrir Farsímamastur á Villingaholtsskóla/Flóaskóla

e) Frá Landgræðslu ríkisins dags. 12.12.2017 – Enduheimt og varðveisla votlendis á Íslandi – lykilhlutverk sveitarfélaga

f) Frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs dags. 19.12.2017 – Ársskýrsla Bergrisans

g) Frá Art teyminu – þakkir til sveitarfélagsins fyrir stuðning við starfið

h) Kynjahlutfall í nefndum og ráðum í Flóahreppi í janúar 2018

i) Upplýsingar um fyrirhugaða skógrækt í Skálmholtshrauni

17. Önnur mál:

Erindi frá landbúnaðarháskólanum þar sem óskað er eftir samtali við sveitarstjórn varðandi fullnýtingu á lífrænum úrgangi og orkuvinnslu. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að finna heppilegan fundartíma.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn miðvikudaginn 7. febrúar 2018 klukkan 13:30.

Árni Eiríksson (sign)
Margrét Jónsdóttir (sign)
Svanhvít Hermannsdóttir (sign)
Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)
Rósa Matthíasdóttir (sign)
Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)